

Nd.

777. Nefndarálit

[196. mál]

um frv. til tollalaga.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fyrsti minni hl. treystir sér ekki til að ganga frá afgreiðslu þessa máls þar sem ekki hefur unnist nægur tími til að fara yfir það sem vert væri. Hér er um að ræða þýðingarmikla löggjöf og hefði því verið eðlilegt að gefa Alþingi góðan tíma til að fjalla um hana eftir kosningar. Hætta er á að þegar Alþingi afgreiðir mál í flaustri sé þar ekki farið eins nákvæmlega yfir málin og nauðsynlegt verður að teljast.

Þar sem meiri hl. kys að knýja málið fram flytur undirritaður nokkrar breytingartillögur á þingskjali 775. Enn fremur mun undirritaður greiða atkvæði um nokkrar breytingartillögur meiri hl. en að öðru leyti sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. mars 1987.

Svavar Gestsson.